

# Fjármála- og efnahagsráðuneytið

## M i n n i s b l a ð

Viðtakandi: **Fjárlaganefnd Alþingis**  
Sendandi: **Fjármála- og efnahagsráðherra**  
Dagsetning: **7. febrúar 2022**  
Málsnúmer: **FJR21090021**  
Bréfalykill: **3.1**  
Jafnréttismat: **Nei**

Efni: Tillaga að breytingum á fjármálastefnu fyrir árin 2022–2026 við síðari umræðu.

### Tillaga til þingsályktunar um fjármálastefnu fyrir árin 2022-2026

- Þann 30. nóvember sl. var lögð fyrir Alþingi þátl. um fjármálastefnu fyrir árin 2022-2026 í samræmi við 4. gr. laga um opinber fjármál.
- Leiðarljós fjármálastefnunnar er að hækkun á skuldum hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu stöðvist á árinu 2026 ásamt því að ríkissjóður stuðli að efnahagslegum stöðugleika til skemmri tíma. Markmiðið með því er að standa vörð um fjárhagslegan viðnámsþrótt hins opinbera og getu stjórnvalda til þess að milda áhrif óvæntra efnahagsáfalla á heimili og fyrirtæki samhliða því að varna því að ríkisfjármálin yti undir eftirspurnarþenslu í hagkerfinu.
- Stefnumið framlagðrar fjármálastefnu gerir ráð fyrir að afkomuhalli A1-hluta hins opinbera verði að hámarki 6,5% af VLF árið 2022, en að hallinn fari lækkandi ár frá ári og verði að hámarki 1% af VLF árið 2026. Þá er gert ráð fyrir að skuldir A1-hluta hins opinbera skv. skuldareglu laga um opinber fjármál verði að hámarki 41,5% af VLF árið 2022, en fari lækkandi á tímabilinu og verði að hámarki 49,5% af VLF árið 2026.

### Breytingar á afkomu- og skuldahorfum ríkissjóðs og hins opinbera

- Þau stefnumið sem sett eru fram í fjármálastefnunni tóku mið af áætlunum um undirliggjandi afkomu- og skuldaþróun sem byggðist á samþykktri fjármálaáætlun að teknu tilliti til breytinga sem áttu sér stað við vinnslu frumvarps til fjárlaga ársins 2022 eftir myndun nýrrar ríkisstjórnar.
- **Samþykkt fjárlög ársins 2022 gera ráð fyrir um 0,5% af VLF lakari afkomu en gert var ráð fyrir í frumvarpinu og forsendum framlagðar fjármálastefnu.** Þar af lækkuðu tekjur ríkissjóðs samtals um 3,4 ma.kr. Tekjurnar lækkuðu um 7,2 ma.kr. vegna framlengingar á átaksverkefninu „Allir vinna“ en á móti vó að hluta hækkun tekna vegna veiðigjalda (1,3 ma.kr.), endurgreiðsla VSK til opinberra aðila (1,9 ma.kr.) og bifreiðagjalda (0,5 ma.kr.). Útgjöld ríkissjóðs urðu rúmlega 14,3 ma.kr. hærrí nær alfarið vegna breytinga við 2. umr. frumvarpsins. Af þeirri aukningu er gert ráð fyrir að 8-9 ma.kr. séu varanleg og hafi þannig áhrif á árin 2023-2026.
- **Þessu til viðbótar hefur verið talin þörf á að framlengja tilteknar efnahagsaðgerðir vegna kórónuveirufaraldursins í upphafi þessa árs en með breyttri útfærslu með hliðsjón af dvínandi áhrifum faraldursins.** Þau úrræði felast fyrst og fremst í framlengingu á viðspyrnustyrkjaúrræðinu og útfærslu á styrkjum til veitingahúsa sem fela að líkindum í sér útgjaldaaukningu umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir í fjárlögunum. Gróflega áætlað eru efri mörk nýrra eða útvíkkaðra COVID-19 úrræða sem kynnt hafa verið eftir samþykkt fjárlaga um 7 ma.kr. eða 0,2% af VLF árið 2022.

- **Þá hafa skuldahorfur tekið breytingum í takt við lakari afkomu ársins 2022 og nýlegt endurmat á árslokastöðu 2021.** Framangreindar afkomubreytingar ársins 2022 leiða til þess að skuldir í árslok 2022 stefna í að verða 0,7% af VLF hærri en áður var gert ráð fyrir. Þá reyndist árslokastaðan 2021 vera hærri en fyrri forsendur gerðu ráð fyrir sem skýrist einna helst af annars vegar gengisbreytingum og hins vegar af aukinni lántöku undir lok ársins. Samanlagt verður þetta til þess að skuldir skv. skuldareglu í árslok 2022 stefna í að vera um 1,7% af VLF hærri en gert var ráð fyrir í undirliggjandi forsendum stefnunnar og hefur þessi breyting jafnframt áhrif á árin 2023-2026 vegna grunnáhrifa.

## Tillaga að aðlögun fjármálastefnu

- Ljóst er að þær breytingar sem hafa verið raktar hér að framan eru á þá leið að ekki verði komist hjá því að aðlaga bæði afkomu- og skuldamarkmið framlagðrar fjármálastefnu;
  1. Lagt er til að hnika til afkomumarkmiði stefnunnar árið 2022 til þess að rúma breytta afkomu ríkissjóðs og hafa borð fyrir báru vegna stöðu faraldursins. **Lagt er til að hámarkshalli á afkomu ríkissjóðs og hins opinbera fyrir árið 2022 verði aukinn um 0,5% af VLF. Þannig megi hámarkshalli á árinu 2022 fyrir hið opinbera ekki vera umfram 7% af VLF í stað 6,5% áður.** Afkomumarkmið síðari ár stefnunnar verði hins vegar haldið óbreytt til þess að viðhalda megin markmiði um að halli hins opinbera samrýmist þeirri stöðu sem leiðir til stöðvun skuldasöfnunar sem hlutfall af landsframleiðslu árið 2026 og verði að hámarki 1% af VLF á því ári. Að því marki sem þessar afkomubreytingar eru varanlegar þá hefur það í för með sé að afkomuaðlögunin verður nokkuð meira krefjandi á síðari hluta stefnunnar sem því nemur.
  2. **Þá er einnig lagt til að hámark skulda hins opinbera samkvæmt stefnunni verði hækkað um 2 prósentustig af VLF árin 2022-2026.** Þessi breyting samanstendur af framangreindum afkomubreytingum auk upplýsinga um lakari árslokastöðu 2021 en miðað var við í fyrri áætlun.
- **Þessi aðlögun á stefnuferlum fjármálastefnunnar með hliðsjón af afgreiðslu fjárlaga ársins 2022 og tímabundinni framlengingu ráðstafana vegna veirufaraldursins breytir á hinn bóginn engu um þau megin markmið sem komu fram í stefnunni og eru rökstudd í greinargerð hennar. Þannig verður áfram gengið út frá þeirri ábyrgu stefnumörkun að stöðva hækkun skuldahlutfallsins fyrir árslok 2026 og haga ríkisfjármálunum með þeim hætti að þau hafi ekki þenslu- og verðbólguáhrif þegar hagkerfið færir í framleiðsluspennu á yfirstandandi vaxtarskeiði.**

**Tillaga við 2. umræðu**

Hlutfall af vergri landsframleiðslu, %

2022 2023 2024 2025 2026

**A1-hluti hins opinbera<sup>1</sup>**

Heildarafkoma .....	-7,0	-4,8	-3,6	-2,4	-1,0
þar af ríkissjóður (A1-hluti) .....	-6,0	-4,0	-3,0	-2,0	-0,8
þar af sveitarfélög (A-hluti) .....	-1,0	-0,8	-0,6	-0,4	-0,2
Óvissubíl .....	-1,5	-2,0	-2,5	-3,0	-3,5
Skuldir <sup>2</sup> .....	43,5	46,0	49,0	51,0	51,5
þar af ríkissjóður (A1-hluti) .....	36,0	38,0	40,5	42,0	42,5
þar af sveitarfélög (A-hluti) .....	7,5	8,0	8,5	9,0	9,0

**Opinberir aðilar í heild**

Heildarafkoma .....	-6,5	-4,0	-2,6	-1,4	0,0
þar af A1-hluti hins opinbera .....	-7,0	-4,8	-3,6	-2,4	-1,0
þar af fyrirtæki hins opinbera <sup>3</sup> .....	0,5	0,8	1,0	1,0	1,0
Skuldir <sup>2</sup> .....	66,5	67,0	69,0	70,0	70,5
þar af A-1 hluti hins opinbera .....	43,5	46,0	49,0	51,0	51,5
þar af fyrirtæki hins opinbera <sup>3</sup> .....	23,0	21,0	20,0	19,0	19,0

**Breyting frá þátt.**

2022 2023 2024 2025 2026

-0,5	0,0	0,0	0,0	0,0
-0,5	0,0	0,0	0,0	0,0
0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
2,0	2,0	2,0	2,0	2,0
2,0	2,0	2,0	2,0	2,0
0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
-0,5	0,0	0,0	0,0	0,0
-0,5	0,0	0,0	0,0	0,0
0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
2,0	2,0	2,0	2,0	2,0
2,0	2,0	2,0	2,0	2,0
0,0	0,0	0,0	0,0	0,0